

Skipulags- og byggingafulltrúi  
Sveitarfélagið Vogar  
Iðndal 2  
190 Vogar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 1. júlí 2015  
UST201506-049/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Nesbú á Vatnsleysuströnd.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Voga á Vatnsleysuströnd er barst 4. júní þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi alifuglabúsins Nesbús á Vatnsleysuströnd.

Í lýsingu kemur fram að í dag eru stæði fyrir 55.000 varphænur á búinu. Einnig kemur fram að áætlað er að lagfæra núverandi húsakost Nesbús og lengja hús 2, 3 og 5 þannig að heildarlengd hvers húss verður tæpir 70 m. Einnig kemur fram að ráðgert er að bæta við alifuglahúsi. Ekki kemur fram hve margir fuglar eru áætlaðir í enduruppbyggðu búi.


#### **Veitur**


Fram kemur í lýsingu að fráveitumannvirki eru staðsett norðaustur af húsi 4. Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Að mati stofnunarinnar þarf í tillögu að deiliskipulagi að koma fram hvernig fráveitu er háttað.

#### **Fjarlægð frá næstu húsum**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjarlægðir frá næstu húsum komi fram á deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur